

203. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á miðvikudaginn 19. ágúst 2026 á Teams og hófst hann kl. 16.00.

Mætt: Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Arney Þyrí Guðjónsdóttir, Karl Jóhann Haagensen, Ágústa Einarsdóttir og Bjarnheiður Jóhannesdóttir.

Skjöldur Orri Skjaldarson boðaði forföll

Dagskrá

1. Kosning í embætti Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Lögð var fram tillaga um að Karl Jóhann Haagensen verði formaður og var það samþykkt samhljóða.

Lögð var fram tillaga um að Auður Kjartansdóttir verði varaformaður og var það samþykkt samhljóða.

2. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 2.1 Ásborg bar ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn matarvagn með aðsetur á Stillholti 16-18 á Akranesi. Leyfi gefið út 17. ágúst 2026 og gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 2.2 Torfhóll ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað á Hofstöðum á Mýrum. Fjöldi gesta að hámarki 10 gestir. Leyfið gefið út 13. ágúst og gildir í 12 ár.
- 2.3 Fjörubiti ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir lítinn matarvagn sem er staðsettur í Ytri- Tungu á Snæfellsnesi. Leyfi gefið út 14. ágúst 2026 og gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 2.4 Vetrarþjónustan ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir lítinn matarvagn/pylsuvagn sem er staðsettur á Arnarstapavegi 2 á Arnarstapa. Leyfi gefið út 11. ágúst 2026 og gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 2.5 Hótel Varmaland ehf. sækir um leyfi til reksturs tjaldsvæðis á Varmalandi í Borgarfirði. Leyfi gefið út 7. ágúst 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.6 Ice travel camping ehf. Móum Hvalfjarðarsveit sækir um breytt leyfi fyrir aukinn gestafjölda með tilkomu nýrra smáhýsa. Hámarksfjöldi gesta er nú 50. Leyfi upphaflega gefið út 18. júlí 2022. Breytt leyfi gefið út 22. júlí 2026. Gildistími leyfi er til 18. júlí 2034.
- 2.7 Skógarmenn KFUM í Vatnaskógi Hvalfjarðarsveit (Æskulýðsmiðstöð) sækja um endurnýjað leyfi fyrir vatnsveitu, gististað fyrir fleiri en 50 gesti, mótuneyti og opið leiksvæði. Leyfið gefið út 20. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.8 Vér mótmælum allir ehf. sækir um starfsleyfi fyrir gististað á Grafarósi- Gröf, Snæfellsbæ upp að 50 gestum, sölu matvæla og hestaleigu. Leyfið gefið út 10. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.9 Skógálfar ehf. sækja um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað, 10 gestir eða færri, á Ennisbraut 2 í Ólafsvík. Leyfi gefið út 10. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.10 Decus ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað, 10 gestir eða færri, á Móum 1 við Arnarstapa, Snæfellsbæ. Leyfið gefið út 9. júlí 2026 og gildir í 12 ár.

- 2.11 Guðrún Sigurjónsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað/ stærra gistiheimili á Bifröst; Bollakot 1-4 og Vallarkot 1-4. Gestafjöldi 48. Leyfi gefið út 28. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.12 V&D sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri kaffihúss í Pakkhúsinu Ólafsbraut 12 í Ólafsvík. Leyfi gefið út 8. maí 2026 og er ótímabundið.
- 2.13 Mökkur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað í frístundahúsi, Stóruborg 1 í landi Eskiholts. Fjöldi gesta er 6. Leyfi gefið út 5. ágúst og gildir í 12 ár.
- 2.14 Jóhanna S. Guðmundsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað/ minna gistiheimili í fyrrum íbúðarhúsi/leikskóla á Grímsstöðum, Reykholti. Fjöldi gesta er 10 gestir. Leyfi gefið út 16. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.15 Speglahúsið ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað í flokki II, frístundahús á Hjallabrekku 1 í landi Skeljabrekku. Skipulag frístundasvæðis leyfir gististarfsemi. Fjöldi gesta er 2. Leyfi gefið út 6. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.16 Eyjadalur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað á Stóru Skál í Kjós. Hámarksfjöldi gesta er 10 gestir. Leyfi gefið út 6. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.17 Welcome Iceland ehf., sækir um nýtt, um starfsleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund D – gistiskála, ; Space Capsule Hostel & Camping, í félagsheimilinu Árbliki, Miðdölum Dalabyggð.(F2118739). Samkvæmt umsókn er hámarksfjöldi gesta 78 manns. Leyfi gefið út 25. júní og gildir í 12 ár.
- 2.18 Drífa ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri lítils kaffihús með áfengisveitingum í Icewear Smiðjustíg 3 í Stykkishólmi. Fjöldi gesta samkvæmt umsókn er 20 gestir. Leyfi gefið út 22. júní 2026 og gildistími er ótímabundinn.
- 2.19 Emo ehf. sækir um leyfi fyrir starfsemi snyrtistofu á Norðurtanga 3 í Ólafsvík. Leyfi gefið út 8. júlí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.20 Bjarneyjarsandur sf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir vatnsveitu, tjaldsvæði og matsölustað á Bjarneyjarsandi Hvalfjarðarsveit. Leyfi gefið út 20. maí 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.21 Norðurál Grundartanga sækir um framlengt leyfi vegna bensínstöðvar fyrir tæki starfsemi Norðuáls. Leyfi framlengt um eitt ár, til 10. júlí 2027.
- 2.22 Grjótið AK ehf. Kirkjubraut 10 sækir um tímabundið leyfi til framleiðslu matarveitinga á meðan bæjarhátíðin Írskir dagar á Akranesi stendur yfir. Leyfið gildi frá 6. júlí til 15. Júlí 2026 .
- 2.23 Stakkholt Market ehf. sækir um yfirfært starfsleyfi fyrir starfsemi matvöruverslunar á Stilholti 16-18 á Akranesi. Starfsleyfi upphaflega útgefið 19. desember 2019, fyrri rekstraraðili var Market Matvara ehf. Yfirfært leyfi gefið út 10. júní 2026. Gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 2.24 Jóhannes E. Ragnarsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn samkomustað með kaffiveitingum í Skemmunni á Hraunhálsi, Helgafellssveit. Leyfi gefið út 9. júní og gildistími er 12 ár.
- 2.25 Snæfellsbær sækir um endurnýjað starfsleyfi fyrir félagsheimilið á Lýsuhóli, Snæfellsbæ. Leyfi gefið út 4. júní 2026 og gildistími er 12 ár.
- 2.26 Nónhús ehf. sækir um leyfi fyrir lítinn gististað, 10 gestir eða færri, á Miðhúsum í Snæfellsbæ. Leyfi gefið út 26. maí 2026 og gildir 12 ár.
- 2.27 Berjaland ehf. sækir um leyfi fyrir lítið kaffihús í Skemmunni á Hvanneyri. Leyfi gefið út 27. apríl 2026 og gildistími leyfis er ótímabundinn.
- 2.28 Bolli ehf. sækir um nýtt leyfi til reksturs gististaðar – minna gistiheimili í Bjargarsteini Sólvöllum 15 Grundarfirði. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 8 gestir. Leyfi gefið út 19. júní 2026 og gildir í 12 ár.
- 2.29 Sigurður Narfason sækir um breytt starfsleyfi fyrir aukinn gestafjölda í gistingu og nýja matsöluaðstöðu á Hofgöðum Snæfellsbæ. Fjöldi gesta í gistingu er 88 og matsalur

rúmar 120 gesti. Leyfi upphaflega gefið út 9. mars 2020 en breytt vegna aukins gestafjölda 11. júní 2026. Gildistími leyfis er til 9. mars 2032.

- 2.30 Sveinn Gíslason sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn gististað á Fossi – Foss cottage í Snæfellsbæ. Fjöldi gesta eru sex gestir. Leyfi gefið út 9. júní og gildir í 12 ár.
- 2.31 Sigma fjárfestingar ehf. sækja um nýtt starfsleyfi til reksturs sjö „gististaða“ í flokki II, tegund C – Minna gistiheimili. Þar sem reksturinn er allur í sama húsi með sama rekstraraðila hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ákveðið að skoða staðinn samkvæmt flokki II, tegund B – Stærri gistiheimili og gefa út starfsleyfi í samræmi við það. Gististaðurinn er staðsettur við Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 23. Leyfi gefið út 19. maí 2026 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

3. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 3.1 Trélausnir sf. sækja um skráningu fyrir niðurrífi mannvirkja Gunnlaugsgötu 8b í Borgarnesi. Skráning staðfest 21. júlí 2026. Númer staðfestingar er 708815.
- 3.2. 2 Gómar ehf. sækir um skráningu fyrir starfsemi tannlæknþjónustu á Laugabraut 11 á Akranesi. Skráning staðfest 21. júlí 2026. Númer staðfestingar er 706072.
- 3.3 Heilsumiðstöðin Lind ehf. sækir um skráningu fyrir nuddstofu á Norðurtanga 3 í Ólafsvík. Skráning staðfest 10. júlí 2026. Númer staðfestingar er 699491.
- 3.4 Vignir G. Jónasson sækir um skráningu fyrir starfsemi sem notar kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónustu við þau á Vesturgötu 119 á Akranesi. Skráning staðfest 23. júní 2026. Númer staðfestingar er 698489.

Lagt fram.

- 3.5 Orkan IS ehf. sækir um skráningu fyrir sjálfvirkri bón og bílaþvottastöð að Brúartorgi 6, Borgarnesi. Skráning var staðfest 7. ágúst 2026 með fyrirvara um staðfestingu Heilbrigðisnefndar Vesturlands. Númer staðfestingar 697904.

Staðfest

4. Tóbakssöluleyfi.

- 4.1 Hrafnafífa ehf. sækir um tóbakssöluleyfi fyrir Skjálfta Söluturn Reykholti. Leyfið var gefið út 18. júní 2026 og gildir í fjögur ár.
- 4.2 Esjugrund ehf. sækir um tóbakssöluleyfi fyrir Esjuskálann (Baulan) Borgarfirði. Leyfið var gefið út 22. júlí 2026 og gildir í fjögur ár.

Tillaga að bókun: Lagt fram

Undanþágur vegna aldurs til sölu á tóbaki.

- 4.3 Verslunin Kassinn Ólafsvík sækir um undanþágu fyrir 3 ungmenni sem starfa í versluninni. Undanþágur gefnar út 10. júlí 2026 og gildir til 31. desember 2026.
- 4.4 Blómsturvellir slf., Sjoppa Ólafsvík, sækir um undanþágu fyrir 6 ungmenni sem starfa í sjoppunni. Undanþágur gefnar út 3. júlí 2026 og gilda þær frá þeim degi sem ungmennin eru 16 ára á þessu ári og í 6 mánuði.

- 4.5 N1 ehf. Skútan Akranesi sækir um undanþágu fyrir eitt ungmenni sem starfar í verslunin. Undanþága gefin 18. júní 2026 og gildir til 18. desember 2026.

Lagt fram.

5. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 5.1 Umsögn vegna umsóknar frá Torfhóli ehf., kt: 691203-2710 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili að Hofstöðum á Mýrum, Borgarbyggð. (FF2112020). Samkvæmt umsókn er hámarksfjöldi gesta 10. Jákvæð umsögn send 14. ágúst 2026.
- 5.2 Umsögn vegna umsóknar RR 03 ehf., kt. 540319-0810, um breytingu á leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki II, tegund F-krá, en breytingin fellst í að bæta inn í leyfið heimild til útveitinga á palli við húsið. Veitingarstaðurinn Útgerðin er staðsettur að Klettsbúð 7 á (F2114369), á Hellissandi. Hámarksfjöldi gesta í dag er 15 en með viðbót fer hámarksgestafjöldi á veitingastaðunum upp í 20 gesti skv. umsókn. Jákvæð umsögn send 11. ágúst 2026.
- 5.3 Umsögn vegna umsóknar Mökks ehf. kt. 450808-0160 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H – frístundahús, að Stóruborg 1 (F2279803), 311 Borgarnesi. Samkvæmt umsókn er hámarksfjöldi gesta sex. Jákvæð umsögn send 5. ágúst 2026.
- 5.4 Umsögn vegna umsóknar Guðrúnar Sigurjónsdóttur, kt. 141166-5149, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund B – stærra gistiheimili að Bollakoti 1–4 og Vallarkoti 1–4 (F2228981–F2228988), Bifröst, 311 Borgarnesi. Um er að ræða tvö fjölbýlishús sem áður hýstu nemendagarða Háskólans á Bifröst. Gisting verður í Bollakoti 1–4 og Vallarkoti 1–4, sem hvort um sig inniheldur fjórar íbúðir. Samkvæmt umsókn er hámarksfjöldi gesta 48. Jákvæð umsögn send 28. júlí 2026.
- 5.5 Umsögn vegna umsóknar V&D ehf. kt. 520923-1280, um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II – kaffihús, í Pakkhúsinu Ólafsbraut 12 (F2103802) í Ólafsvík. Hámarksfjöldi gesta skv. Umsókn er 25 gestir. Jákvæð umsögn send 27. júlí 2026.
- 5.6 Umsögn vegna umsóknar Ice Travel Camping ehf. kt. 680916-0630 á Móum í Hvalfjarðarsveit um breytingu á gildu rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II. Um er að ræða stærra gistiheimili, þ.e. 14 smáhýsi með rými fyrir 3 og 8 gesti í íbúðarhúsi. Heildarfjöldi gesta er núna 50 gestir. Jákvæð umsögn send 22. júlí 2026.
- 5.7 Umsögn vegna umsóknar Jóhönnu Sjafnar Guðmundsdóttur kt. 160475-4639 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili að Grímsstöðum (F2107512) við Reykholt. Hámarksfjöldi gesta er 10 gestir. Jákvæð umsögn send 16. júlí 2026.
- 5.8 Umsögn vegna umsóknar Vér mótmælum allir ehf. ehf kt. 560320-1080, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, á Grafarósi- Gröf í Snæfellsbæ (F2113960). Fjöldi gesta í gistingu er 15. Jákvæð umsögn send 16. júlí 2026.
- 5.9 Umsögn vegna umsóknar Skógarálfa ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, G íbúðir. á Ennisbraut 2 (F2103543 - 010101) á 355 Ólafsvík. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 5 manns. Jákvæð umsögn send 9. júlí 2026.
- 5.10 Umsögn vegna umsóknar Decus ehf. Kt. 571114-1000 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús. Gististaðurinn er staðsettur að Móum (F2275191 - Arnarstapa, Snæfellsbæ. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 8 manns. Jákvæð umsögn send 9. júlí 2026.
- 5.11 Umsögn vegna umsóknar Speglahússins ehf kt. 571025-0860 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H – Frístundahús að Hjallabrekku 1 (F2334343), í landi Skeljabrekku Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 2 manns. Jákvæð umsögn send 7. júlí 2026.

- 5.12 Umsögn vegna umsóknar Eyjadals ehf. 640920-0840 um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – B Stærra gistiheimili á Stóru Skál, í Kjósarhreppi. Hámarksfjöldi gesta eru 10 gestir. Jákvæð umsögn send 6. júlí 2026.
- 5.13 Umsögn vegna umsóknar Glacier Retreats ehf, kt. 441125-2160, fyrir gististað í frístundahúsi í Hlíðarbyggð 5 í landi Stóra Áss í Borgarbyggð. Neikvæð umsögn send 3. Júlí 2026 þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi í frístundabyggðinni og því ekki hægt að gefa út starfsleyfi né gefa jákvæða umsögn um rekstrarleyfi.
- 5.14 Umsögn vegna umsóknar Welcome Iceland ehf., kt. 500714-0690, , um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund D – gistiskála, ; Space Capsule Hostel & Camping, í félagsheimilinu Árbliki Dalabyggð. (F2118739). Samkvæmt umsókn er hámarksfjöldi gesta 78 manns. Jákvæð umsögn send 25. júní 2026.
- 5.15 Umsögn vegna umsóknar Drífu ehf. 480173-0159 um nýtt leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, lítið kaffihús með áfengisveitingum á Smiðjustíg 3 í Stykkishólmi. Heiti staðar er Icewear Stykkishólmi. Hámarksfjöldi gesta er 20 gestir. Jákvæð umsögn send 23. júní 2026.
- 5.16 Umsögn vegna umsóknar Welcome Iceland ehf., kt. 500714-0690, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund B – stærra gistiheimili, að North Star Apartments Rífi, Hafnargötu 11, Hellissandi (F2321156). Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 26 manns.
Umsagnarbeiðnin byggir á eldri umsagnarbeiðni frá 28.janúar 2021. Jákvæð umsögn send 22. júní 2026.
- 5.17 Umsögn vegna Bolla ehf., kt. 570415-1230, , um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili, að Bjargarsteini gisting, Sólvöllum 15 í Grundarfirði(F2115266). Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 8 manns. Jákvæð umsögn send 19. júní 2026.
- 5.18 Umsögn vegna umsóknar Sigurðar Narfasonar um breytt rekstrarleyfi fyrir gististað á Hofgördum Snæfellsbæ, í flokki II gististaðar án veitinga, yfir í gististað í flokki IV með áfengisveitingum. Nýtt húsnæði, veitingasalur og gistirými, tekið í notkun á staðnum. Fjöldi gesta fer úr 66 í 88 gesti í gistingu og 120 gestir í veitingasal. Jákvæð umsögn send 11. júní 2026.
- 5.19 Umsögn vegna umsóknar Sveins Gíslasonar kt. 020471-3289 um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili, að Fosscottage, Fossi (F2113575), Snæfellsbæ. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 6 manns. Jákvæð umsögn send 9. júní 2026.
- 5.20 Umsögn vegna umsóknar Mystic Light ehf. um breytt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II- minna gistiheimili á Ljárskógarströnd 26 í Dalabyggð. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 8 gestir. Breyting er vegna viðbótar á tveimur smáhýsum með gistiþlássum fyrir 2 gesti. Jákvæð umsögn send 4. júní 2026.
- 5.21 Umsögn vegna umsóknar Berjalands ehf. kt. 651017-0410, um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II – E Kaffihús. Veitingastaðurinn er staðsettur á Hvanneyri, Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 50. Jákvæð umsögn send 3. júní 20026.
- 5.22 Umsögn vegna umsóknar Nónhúss ehf., kt. 670423-2630, um nýtt leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H – frístundahús, að Miðhúsi (F2114066), 356 Snæfellsbæ. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 10 manns.
- 5.23 Umsögn vegna umsóknar Heiðar H. Hjartardóttur kt. 031270-4809, um breytingu á leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, tegund B stærra gistiheimili, en breytingin fellst í að bæta við íbúð (F-2110912) við reksturinn. Gististaðurinn er staðsettur að Bjargi í Borgarnesi. Hámarksfjöldi gesta í dag er 18 en með viðbót fer heildargestafjöldi á gististaðnum upp í 26 gesti skv. umsókn. Jákvæð umsögn send 22. maí 2026.

- 5.24 Umsögn vegna umsóknar Sigma fjárfestingar ehf. kt. 501025-0540, um nýtt leyfi til reksturs sjö gististaða í flokki II, tegund C – Minna gistiheimili. Þar sem reksturinn er allur í sama húsi með sama rekstraraðila hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ákveðið að skoða staðinn samkvæmt flokki II, tegund B – Stærra gistiheimili og gefa út starfsleyfi í samræmi við það. Gististaðurinn er staðsettur við Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 23. Jákvæð umsögn send 19. maí 2026.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir.

- 5.25 Umsögn vegna umsóknar Knattspyrnufélags Í.A., kt. 500487-1279, sem sækir um tækifærisleyfi vegna viðburðar í tengslum við knattspyrnuleik ÍA sem halda á í Hátíðarsalnum á Jaðarsbakka, 300 - Akranesi., þann 23. ágúst frá kl. 15:00 til kl. 21:00. Gestafjöldi samkvæmt umsókn er 120 manns. Jákvæð umsögn send 17. ágúst 2026.
- 5.26 Umsögn vegna umsóknar Knattspyrnufélags Í.A., kt. 500487-1279, sækir um tækifærisleyfi vegna viðburðar í tengslum við knattspyrnuleik ÍA sem halda á í Hátíðarsal á Jaðarsbökkum á Akranesi 6. september frá kl. 12:00 til kl. 17:00. Gestafjöldi samkvæmt umsókn er 120 manns. Jákvæð umsögn send 14. ágúst 2026.
- 5.27 Umsögn vegna umsóknar Knattspyrnufélags Í.A., kt. 500487-1279, sækir um tækifærisleyfi fyrir dansleik sem halda á í Íþróttahúsinu, Vesturgötu 130, Akranesi, þann 26. september frá kl. 19:00 til kl. 02:00 aðfaranótt 27. september. Gestafjöldi samkvæmt umsókn er 299 manns. Jákvæð umsögn send 14. ágúst 2026.
- 5.28 Umsögn vegna umsóknar Eclipse ehf., kt 660525-0760Viðburðurinn er **Iceland Eclipse 2026** sem mun fara fram á tilgreindum útisvæðum á og við Hellissand í samræmi við framlagðar áætlanir hátíðarinnar, dagana 9.-16.ágúst 2026. Áætlaður gestafjöldi hátíðarinnar er skv. umsókn 5000 manns og er aldursdreifing gesta frá 18-100 ára. Jákvæð umsögn send 7. ágúst 2026.
- 5.29 Umsögn vegna umsóknar Vina Hallarinnar ehf. kt. 4705943699, um leyfi/ tækifærisleyfi með tímabundnu áfengissöluleyfi fyrir Lopapeysuna/tónleikar 30. júní til 4. júlí 2026, á Akranesi. Áætlaður gestafjöldi er 5500 og aldursdreifing gesta frá 20-99 ára. Jákvæð umsögn send 22. júní 2026.
- 5.30 Umsögn vegna umsóknar Hótel Arnarstapa ehf. – Arnarfells, kt. 640300299,), um tækifærisleyfi daganna 11.08 til 13.08 frá kl. 23:00 til 01:00. Um er að ræða framlengingu á opnunartíma vegna sólmyrkvans. Fjöldinn miðast við að gestafjöldi í veitingar, þ.e. 40 manns á aldrinum 20 til 100 ára. Jákvæð umsögn send 7. ágúst 2026.
- 5.31 Umsögn vegna umsóknar Hótel Arnarstapa ehf. – Bárðarslóð, kt. 6403002990, um tækifærisleyfi daganna 11.08 til 13.08 frá kl. 23:00 til 01:00. Um er að ræða framlengingu á opnunartíma hótelsins á Arnarstapa vegna sólmyrkvans. Fjöldinn miðast við að gestafjöldi hótelsins 64 manns á aldrinum 20 til 100 ára. Jákvæð umsögn send 7. ágúst 2026.
- 5.32 Umsögn vegna umsóknar Dugnaðarkvenna ehf kt. 650825-0470, um tækifærisleyfi daganna 10.08 til 14.08 frá kl. 9:00 til 22:00 í tengslum við útisvæði Elju kaffihús sem staðsett er í Þjóðgarðamiðstöðinni á Hellisandi. Tilefnið er Sólmyrkvahátíðin. Lenging opnunartímans miðast við lengingu á opnunartíma Þjóðgarðamiðstöðvarinnar. Fjöldinn miðast við að hámarki 1000 manns á aldrinum 18 til 85 ára. Jákvæð umsögn send 4. ágúst 2026.
- 5.33 Umsögn vegna umsóknar Bjarka Péturssonar, kt. 021294-3229, um tækifærisleyfi í tengslum við Klúbbhús og Golfmót á vegum Golfklúbbs Borgarness, daganna 19. júlí nk. frá kl. 08:00-23:59 og 25. júlí nk. frá kl. 08:00-24.00. Jákvæð umsögn send 16. júlí 2026.
- 5.34 Umsögn vegna umsóknar Ársæls Aðalbergssonar, kt. 270162-3559, um tækifærisleyfi til Fjölskylduhátíðar í Vatnaskógi, í Svínadal, Hvalfjarðarsveit dagana 30. júlí til 3. ágúst s.l. Áætlaður fjöldi gesta er 1000 manns, frá 0-90 ára. Jákvæð umsögn send 15. júlí 2026.

- 5.35 Umsögn vegna umsóknar frá Sandara- og Rifsaragleði (kt. 650624-1490) um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna viðburðar í Félagsheimilinu Röst á Hellisandi, dagnana 9-11. júlí s.l. Jákvæð umsögn send 6. júlí 2026.
- 5.36 Umsögn vegna umsóknar Knattspyrnufélags ÍA, kt. 500487-1279 um tækifærisleyfi vegna viðburðar í Hátíðarsal Jaðarsbakka í tengslum við knattspyrnuleik ÍA 4. júlí s.l. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 120 manns á aldrinum 20-80 ára. Jákvæð umsögn send 29. júní 2026.
- 5.37 Umsögn vegna Knattspyrnufélags ÍA, kt. 500487-1279 um tækifærisleyfi vegna viðburðar í Hátíðarsal Jaðarsbakka í tengslum við knattspyrnuleik ÍA 29. júní 2026. Jákvæð umsögn send 26. júní 2026,
- 5.38 Umsögn vegna umsóknar Ársæls Rafns Erlingssonar kt. 130386-2539 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á pílumót á Írskum dögum á Akranesi. Mótið verður haldið í aðalsal íþróttahússins við Vesturgötu 130. Áætlaður gestafjöldi er 300 á aldrinum 18 til 99 ára. Jákvæð umsögn send 22. júní 2026.
- 5.39 Umsögn vegna umsóknar Ásborgar bars ehf kt. 590221-0230 um tækifærisleyfi vegna Útgerðin bar-Írskir dagar 2026, þ.e. viðbótar opnunartíma miðað við skilgreint rekstrarleyfi. Jákvæð umsögn send 22. júní 2026.
- 5.40 Umsögn vegna umsóknar Vina Hallarinnar ehf kt. 4705943699 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á tónleikum Lopapeysunnar sem haldnir voru á Írskum dögum 30. júní til 4. júlí 2026. Áætlaður gestafjöldi var 5500. Jákvæð umsögn send 22. júní 2026.
- 5.41 Umsögn vegna umsóknar Nicole Salteri, kt. 240498-3249 sem sækir um tækifærisleyfi fyrir Food festival í Dalabúð í Búðardal. Gestafjöldi er skv. umsókn var 160 manns. Viðburðurinn var haldinn 12.06.2026. Jákvæð umsögn send 4. júní 2026.
- 5.42 Umsögn vegna umsóknar Sigrúnar S. Guðmundsdóttur um tækifærisleyfi vegna Tónleika Greifanna í Félagsheimilinu Lýsuhóli 19. og 20. júní 2026. Jákvæð umsögn send 4. júní 2026.
- 5.43 Umsögn vegna umsóknar Sigmundar H. Árnasonar kt. 011058-3299 um tækifærisleyfi vegna tónleika, Sumargleði, á planinu fyrir utan Útgerðina bar að Stilholti 16-18 á Akranesi, 13. og 14. júní til kl 04. Neikvæð umsögn send 4. júní 2026 vegna hættu á hávaðaónæði til íbúa.
- 5.44 Umsögn vegna Knattspyrnufélags ÍA, kt. 500487-1279 um tækifærisleyfi vegna viðburðar í Hátíðarsal Jaðarsbakka í tengslum við knattspyrnuleik ÍA 16. júní 2026. Jákvæð umsögn send 2. júní 2026.
- 5.45 Umsögn vegna umsóknar Glapræðis ehf., kt. 610723-0710 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á tónlistarhátíðinni Sátan 2026 í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi. helgina 4. til 7. júní 2026, frá kl 14 til kl 03 þessa þrjá daga. Áætlaður gestafjöldi er skv. umsókn 800 manns. Einnig er sótt um leyfi til sölu áfengis í tjaldi við íþróttahúsið. Jákvæð umsögn send 18. maí 2026.

Lagt fram.

6. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akranes

- 6.1 Umsögn um breytingu á skipulagi Arnardalsreits. Mál 0289/2025. Umsögn send 19. maí 2026.
- 6.2 Umsögn: Suðurgata 57, mál nr. 0616/2026. Umsögn send 16. Júní 2026.

Borgarbyggð

- 6.3 Umsögn Hvítárvellir- efnistökusvæði, mál nr. 621/2026. Umsögn veitt 19. maí 2026.
- 6.4 Umsögn Grenndarkynning vegna malartöku E259, í landi Eskiholts. Mál 705/2026. Umsögn veitt 30. júní 2026.

Hvalfjarðarsveit

- 6.5 Umsögn Galtarlækur L133627 Athafnar og hafnarsvæði, mál nr. 63/2026. Umsögn veitt 19. maí 2026.
- 6.6 Umsögn Kross L 198194 og Krossland L205470, mál 1362/2025. Umsögn veitt 19. maí 2026.
- 6.7 Umsögn um aðalskipulagsbreytingu Hvalfjarðarsveitar 2020 til 2032, nýtt iðnaðarsvæði við Katanesveg í stað athafnasvæðis nr. 925/2025. Umsögn veitt 3. júní 2026.
- 6.8 Umsögn Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 – Skilmálabreytingar – Landbúnaðarland L3, mál: 1651/2025. Umsögn veitt 11. júní 2026.
- 6.9 Umsögn vegna framkvæmdaleyfis vegna efnistöku úr námu í landi Fróðastaða. Umsögn veitt 25. júní 2026.
- 6.10 Umsögn vegna skilmálabreytinga á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar – Frístundabyggð, mál 1652/2025. Umsögn veitt 29. júní 2026.

Kjósarhreppur

- 6.11 Umsögn: Deiliskipulag íbúðabyggðar í landi Álfakots L224886. Mál 529/2026. Umsögn send 16. júní 2026.

Lagt fram.

7. Umsagnir til ráðuneyta.

Utanríkisráðuneytið

- 7.1 Umsögn um umsókn Rastar Sjávarrannsóknaseturs ehf. vegna vísindarannsókna í Hvalfirði. Umsögn veitt 3. júlí 2026.

Umhverfis orku og loftslagsráðuneyti

- 7.2 Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 - leyfisveitingar vegna vísindarannsókna í hafi. Umsögn veitt 7. júlí 2026.

Lagt fram.

8. Starfsmannamál

Tillaga gerð um að formaður og framkvæmdastjóri geri tillögu til nefndar um starfslok starfsmanna og verkáætlun vegna niðurlagningar heilbrigðiseftirlits.

Samþykkt.

9. Önnur mál

- 9.1 Fundargerð aukaaðalfundar frá 5. ágúst 2026 var lögð fram.
- 9.2 Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að vinna með ríkisstofnunum svo að yfirfærsla verkefna gangi sem best fyrir sig .

Fundi slitið 17.18.